

116 reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins
28. nóv. sendi hingað á ári hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo
ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á
lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir for-
stöðunefnd sjóðsins.

117 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning
29. nóv. þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 27. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Bæjarhreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Bæ að Bygðarholti,
með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þing-
stað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

118
25. nóv.

Reglugjörð

**um breyting á reglugjörð 20. desember 1910, um niðurjöfnun og
innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurborg.**

Næstsíðasta málsgrein 2. gr. framannefndrar reglugjörðar orðist svo:

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 2 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni,
sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið, staðfestist
hjermeð, samkvæmt lögum 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, til þess
að öðlast gildi 1. janúar 1914.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1913.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.